Fundargerð YFN BLÍ

23. september 2026

Fundur settur kl. 17:30 og slitið kl. 18:20

Fundarritari: Guðrún Jóna Árnadóttir

Mætt voru fulltrúar frá: Aftureldingu, HK, Vestra, KA, Völsungi og Keflavík.

Mætt voru Guðrún, Halldóra, Rósborg, Erla, Karl, Sigurgeir, Arna (Afturelding), Hulda og Signý.

1. Mót yngri flokka

Markmiðið var að klára fyrirkomulag októbermótsins, U20 og vormótanna. Rætt var um að auðveldast væri að HK tæki októbermótið.

Varðandi Íslandsmót að vori var rætt um að skipta mótunum upp. Hugmyndin er að hafa U12 og U14 fyrr í maí, til dæmis í Neskaupstað, þar sem þau eru tilbúin að halda mót 7.-9. maí. Þá gæti Afturelding mögulega tekið U16 21.-23. maí.

Rósborg fór yfir að á skrifstofunni hefði verið rætt um að búa til vinnureglur þegar svona staða kemur upp. Samstaða var um að einfaldasta leiðin væri að skipta vormótinu upp og spyrja Aftureldingu hvort það gangi að taka U16. Rætt var um að stærri félögin, sem eru með flest hús, þurfi mögulega að skiptast meira á að halda mótin og þannig byrja tímabilið hjá mismunandi félögum.

Sigurgeir sagði að þetta væri ekki það sem Afturelding hefði verið að vonast eftir, en það væri lítið annað í stöðunni ef þetta væri leiðin til að koma mótinu fyrir.

U20 haustmótinu var aflýst. Rætt var um hvað væri hægt að gera í staðinn. Miðað við þau svör sem fengist hafa virðist erfitt að ná nægilega mörgum liðum svo snemma í september. Hugmynd kom upp um að sameina U20 með Íslandsmóti að hausti ef hægt er. Ef það gengur ekki mætti halda sér U20 mót síðar, sérstaklega fyrir B lið U20 sem eru ekki að keppa með úrvaldsdeild eða í 1. Deild svo sé meira fyrir þau.

Rósborg tók þennan hluta áfram og sagði að aðeins lið frá þremur félögum hefðu skráð sig í U20 mótið sem var aflýst. Í staðinn var haldin landsliðsæfing á Akureyri. Það þótti leiðinlegt fyrir Neskaupstað að missa mótið, en tímasetningin um miðjan september virðist hafa verið of snemma fyrir lið sem eru ekki komin almennilega af stað í starfinu.

Rætt var hvort HK gæti bætt U20 við sitt mót eða hvort Afturelding gæti tekið það sömu helgi eða einhverja aðra helgi í kringum Íslandsmótið að hausti. Einnig var rætt um að ferðalag fyrir landsbyggðarlið væri ekki endilega mikið verra þó mótið yrði á sama tíma og Íslandsmót. Signý sagði að þau væru ekki með nægilega marga til að breyta sínum áætlunum.

Völsungur ætlar að tefla fram U16 og U20. Rætt var um að gisting gæti verið á einum stað og en að Afturelding fengi mótsgjöldin fyrir U20. Rósborg ætlar að kanna betur hversu mörg lið myndu taka þátt. Þróttur Reykjavík hefur ekki verið að tefla fram liði og því þarf einnig að skoða heildarmyndina. Rósborg tekur þetta áfram með HK og Aftureldingu.

Rætt var um vormótið fyrir U12 og U14. Keflavík er með húsnæði á þessari dagsetningu. Kom fram að á fyrri fundi hefði verið rætt um að sleppa þessu móti, en Guðrún Jóna taldi mikilvægt að halda því áfram þar sem þetta væri gott og skemmtilegt undirbúningsmót fyrir Íslandsmótið að vori.

Rætt var hvort mótið yrði samhliða úrslitum í 1. deild. Rósborg benti á að þær upplýsingar væru ekki réttar á heimasíðunni og að svo væri ekki. Hún spurði einnig hvort einhver fyrirstaða væri í því að hafa mótið sem BLÍ-mót eða hvort það þyrfti að vera héraðsmót. Enginn hafði athugasemdir við að hafa það undir BLÍ.

2. Drengjatal

Farið var yfir fjölda drengja í félögunum til að fá betri mynd af stöðunni. Upplýsingar höfðu meðal annars komið frá BFH, Grundarfirði, Leikni, Laugarvatni, Fylki, Hamri og Keflavík. BFH er ekki með drengi. Grundarfjörður er með 10 U14 og 5 U16, Leiknir 6 U16 og Laugarvatn 4-5 U14. Fylkir er aðeins með stráka í U12 og Hamar er með einhverja stráka, en fjöldinn liggur ekki fyrir.

Keflavík er með 6 U14, einn U16 sem byrjaði í vikunni og einn U20. Afturelding er með 1 U12, 2 U14 og 3 U20. HK er með 3 U12, 10-12 U14/U16 og 10-12 U20. Völsungur er ekki með drengi. Vestri er með 4 U20 og 1 U16. KA er með 8 iðkendur í U16, þar af tvo sem tengjast U12/U14, og 12-13 í U20 samkvæmt Abler.

Rætt var um hvað væri hægt að gera til að efla drengjastarfið. Rósborg lagði til að skoða hvort U16 gæti farið í 6 manna blak og þá gætu U14 strákarnir spilað upp fyrir sig. Leist öllum vel á það.

Hulda nefndi að gaman væri að bjóða strákum í heimsókn til HK svo þeir gætu spilað saman og kynnst öðrum liðum. Sigurgeir tók undir að þetta væri góð hugmynd. Guðrún Jóna sagði að Keflavík væri að koma næstu helgi.

Erla sagði frá hugmynd að héraðsmóti á Akureyri 12. desember fyrir U12 og U14 stúlkur og U16 drengi. Markmiðið væri að fá nægilega marga drengi til að hægt væri að spila 6 á móti 6.

Ákveðið var að hafa drengjamótin þannig að U14 spili 3 á móti 3 og U16 spili 6 á móti 6.

3. Önnur mál

Guðrún Jóna fór yfir skólablak og sitjandi blak. Hún sagði frá því að hún hefði farið til svæðisstjóra íþróttahéraða á Suðurnesjum og fengið þau með í verkefnið við að ná til skólanna. Þau hafa haft samband við skóla og 4-5 skólar hafa nú þegar sýnt áhuga.

Einnig er verið að útbúa punkta sem hægt verður að senda á aðra svæðisstjóra svo verkefninu verði fylgt eftir á fleiri svæðum. Komin er með 45 mínútna æfingarplan sem passar inn í venjulegan íþróttatíma og kynnir skólablak, SmashVolley og sitjandi blak.

Gott væri að hvert félag finni einn tengilið sem hefur samband við skólana, finnur tíma og sér um að fá þjálfara til að mæta. Mögulega væri hægt að nýta nokkra íþróttatíma yfir daginn, til dæmis frá 8-14, og skipta verkefninu á milli þjálfara ef félag er með fleiri en einn.

Rætt var um að fá félögin betur með í verkefnið og hvernig best væri að fylgja þessu eftir.

Einnig kom upp að ekki væri nægilega góð yfirsýn yfir hvaða félag hver og einn í YFN væri fulltrúi fyrir. Ákveðið var að setja upp opið Excel-skjal þar sem allir geta skráð hvaða félagi þeir koma frá. Það vantar einnig fulltrúa frá fleiri félögum inn í ráðið.

Auka umræður í lok fundar

Hulda lagði til að við tækjum okkur fyrr tíma til að setjast niður og ákveða hvernig mætti setja mótin upp, meðal annars fyrir janúar og desember, og ræða þetta tímanlega við stærri félögin. Rósborg sagði að janúar gæti hentað vel því þá væri betur hægt að sjá hvenær landsliðsleikir væru og skipuleggja í kringum þá.

Næsti fundur: 4. nóvember 2026 kl. 17:30